

**Nr. 137 / 12 Goðafoss****Skipverji slasast við fall**

IMO.nr. 9086796  
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál  
Stærð: 14.664 BT  
Mesta lengd: 165,60 m  
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m  
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995  
Fjöldi skipverja: 14

**Gögn:**

Slysaskrá frá skipi

Gögn RNS



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

**Atvikalýsing:**

Þann 18. júní 2012 var Goðafoss á siglingu frá Þórshöfn í Færeyjum til Reykjavíkur. Veður: Breytileg átt 2 m/s.

Skipverji var við vinnu í kjölfestutank nr. 9 þegar hann hrasaði og hægri olnbogi hans lenti á brík styrktarbands svo hann hruflaðist. Daginn eftir kom illt í sárið og var slasaði meðhöndlaður með lyfjum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn var að skipta um hæða-og hitaskynjara í tankinum og var að fara niður í hann þegar hann rann til á röri sem óhreinindi höfðu sest á.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.